



Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi nýsköpunarskóla

Á 177. fundi skóla- og frístundaráðs, 14. janúar 2020 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir skilgreiningu á því hvað sé nýsköpunarskóli. Eins óska þeir eftir því hvort að hægt verði að opna nýsköpunarskóla á unglingastigi í Kelduskóla Vík haustið 2020 líkt og stefnt er að, þrátt fyrir að stuttur tími sé til stefnu. Eins hvort að foreldrar verði ekki fljótlega upplýstir um gang mála og hvernig skólastarfi nýsköpunarskóla sé háttað.

Svar:

Nýsköpunarskóli byggir á hugmyndinni um nýskapandi skólastarf.

Kenningar um nemendamiðað nám þar sem hlustað er eftir áhuga nemandans og óskum og stutt við hæfileika hans hafa notið síaukins fylgis. Það þýðir að í öllu skólastarfi er lögð áhersla á að skapandi hugsun og ímyndunarafl nemenda fái að njóta sín í allri nálgun náms.

Í nýsköpunarskóla er leyfilegt að gera mistök því þau eru uppspretta nýs lærdóms og lögð er áhersla á að auka og útvíkka hæfileika nemenda og styðja við óskir þeirra. Í nýsköpunarskóla er fengist við spennandi og ögrandi viðfangsefni þar sem blandað er saman hagnýtri þekkingu, tæknilæsi og notkun og sköpun í náinni samvinnu við nemendur.

Yong Zhao sem er prófessor við kennaraháskólann í Kansas hefur bent á að uppbygging í hefðbundnu skólakerfi byggir á því ferli að mennta fjöldann með sama hætti þar sem hefðbundið mat liggur til grundvallar árangri, en í nýsköpunarskóla er lögð áhersla á hækni frumkvöðulsins þannig að nemandinn geti ræktað sína eigin styrkleika og tileinkað sér skapandi hugsun í nálgun viðfangsefna.

Eftirfarandi myndir sýna hvernig Zhao tengir ólíkar áherslur og þjónustu við ólíka hópa í skólagöngunni með sýn á ólíka útkomu.

Dæmi I: Starfsmiðuð menntun (e. employment-oriented education) (Zhao, 2012)

Mannleg fjölbreytni
(e. Human Diversity)
Einstaklingsbundinn munur (e. Individual differences)
Menningarlegur munur (e. Cultural differences)
Efnahagslegur munur (e. Economic differences)

Skólaganga

Ásættanleg útkoma

Dæmi II: Frumkvöðlamiðuð menntun (e. entrepreneur – oriented education) (Zhao, 2012)

Mannleg fjölbreytni
(e. Human Diversity)
Einstaklingsbundinn munur (e. Individual differences)
Menningarlegur munur (e. Cultural differences)
Efnahagslegur munur (e. Economic differences)

Skólaganga

Auknir og útvíkkaðir hæfileikar

Finnland státar af framúrskarandi menntakerfi. Í bók sinni „Finnnska leiðin“ segir finnski menntunarfræðingurinn Pasi Sahlberg m.a.:

Dæmigert einkenni menntunar í Finnlandi er að nemendur og kennarar eru hvattir til að reyna nýjar hugmyndir og aðferðir, læra af nýjungum og leggja rækt við sköpun í skólum. Á sama tíma virða margir kennarar þær hefðir sem einkenna góða kennslu (Sahlberg, 2015, bls. 194).

Sahlberg bendir einnig á mikilvægi þess að finnskt menntakerfi haldi áfram að þróast og ætti að vera í líkingu við „að allir nemendur fái hjálp til að finna hæfileika sína og ástríðu fyrir námi. Þeir hæfileikar geta verið bóklegir, listrænir, skapandi, tengst hreyfingu eða einhverju öðru. Ástríðan kviknar þegar forvitnin leiðir til uppgötvunar á einstökum hæfileikum hverrar manneskju“ (bls. 216).

Áhersla í nýsköpunarskóla verður á virkni nemenda. Grunnur verður lagður að öflugu nemendalýðræði þar sem rödd nemenda fær að heyrast. Innleiðing Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna verður hluti af náminu, kennsla um Heimsmarkmiðin og áhersla á öfluga lýðræðisvinnu verða hluti af námi í Nýsköpunarskóla.

Gera má ráð fyrir að þróun í menntun leiði til þess að kennsla verður minni í hefðbundnum skólastofum. Nám getur víða farið fram og þess vegna verður rík áhersla í starfi nýsköpunarskólans á samstarf út fyrir veggi skólans, bæði við opinberar stofnanir sem styðja við nýsköpun og sinna menntun en einnig við atvinnulífið.

Verkefnaþáttur nám í smiðjum að hætti Snillismiðju í Langholtsskóla verður þar sem nálgun á hefðbundnar námsgreinar blandast saman, nemendur vinna í teymum og kennarar einnig.

Vert er að benda á bók sem gefin var út af Menntamálastofnun (2016) um **Skapandi skóla**, *handbók um fjölbreytta kennsluhætti og stafræna miðlun*. Hugmyndafræðin að baki bókinni byggir að mestu á kenningum um félagslega hugsmiðahyggju (e. social constructivism) þar sem litið er svo á að einstaklingarnir sjálfir móti merkingu og þekkingu úr reynslu sinni og að félagsleg samskipti og samvinna hafi jákvæð áhrif á þá sköpun þekkingar og þar með námsárangur.

Lögð verður áhersla á faglegan stuðning við kennara og stjórnendur þar sem þeir læra saman og auka þekkingu á mikilvægum þáttum nýsköpunarhugsunar og tækni.

Mikilvægt er að efla 21. aldar lífs- og starfshæfni þar sem áherslan er á sveigjanleika, aðlögunarhæfni, frumkvæði, sjálfstjórn, félagslega og fjölmenningslega færni, afkastagetu, ábyrgðarskyldu, leiðtogahæfni og ábyrgð (Schrum og Levin, 2015, bls. 36).

Í námi í nýsköpunarskóla er lögð áhersla á hugarfar vaxtar (e. growth mindset) sem byggir m.a. á hugmyndum sálfræðingsins Carol Dweck. Hæfileikinn til að sýna nýbreytni, til að skapa eitthvað nýtt og betra, er hæfni sem alþjóðlegar stofnanir og fyrirtæki sækjast eftir í dag.

Hugsunarhátt frumkvöðulsins má skilgreina á þann hátt að geta, greind og persónulegir hæfileikar séu þróaðir þannig að þeir leiði til sköpunar nýrra og betri hugmynda. Að tileinka sér hugarfar vaxtar er grundvallarþáttur í að einstaklingur sé opin fyrir námi og geti mætt ólíkum og ögrandi áskorunum í lífinu. Hlutverk kennara er ekki að stýra nemendum heldur að ná því besta fram í þeim (Couros, 2015, bls.98).

Í nýrri menntastefnu Reykjavíkurborgar eru sjálfsefning, félagsfærni, heilbrigði, læsi og sköpun megin áherslupættir. Allir þessir þættir verða í hávegum hafðir í nýsköpunarskóla.

Allar áætlanir um opnun nýsköpunarskóla í Víkurskóla í Grafarvogi standast. Gert er ráð fyrir að skólinn hefji starfsemi sína haustið 2020.

Upplýsingasíðu um verkefnið er að finna á vef Reykjavíkurborgar: <https://reykjavik.is/skola-og-fristundastarf-i-nordanverdum-grafarvogi>.

Þá hefur verið sent út fréttabréf um verkefnið og annað verður sent út á næstunni. Innleiðingarhópar fyrir alla nýju skólana í norðanverðum Grafarvogi hafa haldið fundi og yfirhópur verkefnisins einnig og eru fundargerðir fundanna vistaðar á upplýsingasíðunni. Sömuleiðis er þar að finna upplýsingar um þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru í samgöngumálum í hverfinu vegna breytinga á skólastarfi.